

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Áshildarmýri í landi Kílhrauns í fyrrum Skeiðahreppi.*  
Í breytingunni felst að afmörkun og lega lóða breytist auk þess sem við bætast skilmálar varðandi hæðarsetningu húsa.  
Samþykkt í sveitarstjórn 4. september 2007.
2. *Deiliskipulag Glóruhlíðar í fyrrum Gnúpverjahreppi.*  
Gert er ráð fyrir að á 6 ha svæði verði lóð fyrir íbúðarhús og hesthús, vélageymslu og hesthús og tvær 11.200 m<sup>2</sup> lóðir fyrir frístundahús. Hámarksstærð íbúðarhúss er 350 m<sup>2</sup>, útihúsa 400 m<sup>2</sup> og frístundahúsa 120 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð húsa er 5,5 m.  
Samþykkt í sveitarstjórn 4. september 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 19. október 2007.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2007